



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

VINÁTTA ÍSLENDINGA OG TÉKKA

FUNDUR FORSETA ÍSLANDS OG FORSETA TÉKKLANDS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í gær fund með Václav Klaus, forseta Tékklands, að lokinni formlegri móttökuathöfn við Pragkastala og var fundurinn þáttur í opinberri heimsókn forseta til Tékklands. Þá sat forseti hátíðarkvöldverð í boði tékknesku forsetahjónanna og sagði við það tækifæri að Íslendingar kynnu vel að meta þann vinarhug sem þeir hefðu fundið hjá Tékkum. Á umbrotatímum í efnahagslífi Evrópu væri mikilvægt að hlýða á leiðtoga sem hefðu, þegar á þurfti að halda, verið tilbúnir að feta aðrar slóðir en tíðarandi taldi réttar. Þá nefndi forseti að Íslendingar vildu heiðra áhrif Tékkka á íslenska kvikmyndagerð og önnur menningartengsl landanna, svo sem á sviði tónlistar og ritlistar.

Forseti Íslands átti einnig fund með Milan Štěch, forseta öldungadeildar tékkneska þingsins og þáði hádegisverð í boði hans í húsi þingsins, Wallenstein höllinni. Þá tók við heimsókn í hið fræga og um 650 ára gamla ráðhús Pragborgar þar sem Bohuslav Svoboda borgarstjóri bauð forseta velkominn. Forseti hélt þar stutt ávarp og skrifaði nafn sitt í hátíðargestabók hússins. Þvínæst átti forseti fund með Miroslava Němcová en hún er forseti fulltrúadeildar tékkneska þingsins.

Í gærkvöldi sátu íslensku forsetahjónin hátíðarkvöldverð í boði Václav Klaus, forseta Tékklands, og frú Lidia Klausovu í Pragkastala.

Í dag föstudag er síðari dagur heimsóknarinnar og hófst hann með því að forseti átti fund með Petr Nečas forsætisráðherra Tékklands. Þar kom fram áhugi á að auka samskipti landanna og fagnaði forseti því að nú

væru hafnar beinar flugsamgöngur milli landanna sem án efa mundu auka hin gagnkvæmu samskipti.

Að því loknu heimsótti forseti Karlsháskólann og kynnti sér starfsemina á fundi með rektor og fleiri forsvarsmönnum skólans. Forseti flutti erindi við háskólann, sem opið var kennurum og nemendum, og var titill þess „Democracy Challenges Global Finances — Lessons from the Icelandic Experience.“

Í dag lagði forseti einnig blómsveig að minnisvarða á Vítkovhæð þar sem minnst er frækilegrar varnar Pragbúa gegn innrásarher árið 1420. Einnig heimsótti forseti fornfrægt klaustur í borginni.

Eftir hádegi í dag sótti forseti fund hjá Tékknesku kvikmyndaakademíunni þar sem fjallað var um menningartengsl landanna, ekki síst á sviði kvikmyndagerðar. Fluttu þar ávörp auk forseta dr. Helgi Haraldsson, fyrrverandi prófessor, og Börkur Gunnarsson kvikmyndagerðarmaður sem lærði við akademíuna. Forseti horfði á stuttmyndir og átti samræður við nemendur og kennara við skólann.

Síðar í dag liggur leiðin á kynningu Íslandsstofu þar sem Ísland verður kynnt sem ferðamannaland. Kynninguna sækja, auk tékkneskra gesta, fulltrúar íslenskra fyrirtækja sem komu til Prag í tilefni af opinberri heimsókn forseta.

Í kvöld mun forseti flytja stutt ávarp í kvikmyndahúsi þar sem sýnd verður íslensk kvikmynd, Eldfjall / Volcano eftir Rúnar Rúnarsson, og lýkur þar með opinberri heimsókn forsetahjónanna til Tékklands.

18. maí 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).